


Kom, fylg mér – Verkefni

Fyrir heimiliskvöld eða ritningarnám – eða bara til ánægju!



26. ágúst–1. september

Sterkar undirstöður

FYRIR HELAMAN 1–6

Helaman kenndi sonum sínum að byggja líf sitt á sterkum undirstöðum Jesú Krists (sjá Helaman 5:12) Undirstaða er eitthvað sem byggt er á. Sterk undirstaða gerir alla bygginguna sterka, jafnvel í stormveðrum. Byggið tvo turna – einn á sterkri undirstöðu og einn á veikri undirstöðu. Hvor turninn er stöðugri? Hvernig getum við byggt líf okkar á Jesú Kristi?

Fyrir yngri börn: Hjálpið litlu börnunm ykkar að finna eitthvað sem þau telja að sé mjög sterkt. Hvað fundu þau? Kennið að við getum verið sterk með Jesú Kristi.



2.–8. september

Vitnisburður um Jesú Krist

FYRIR HELAMAN 7–12

Margir í ritningunum kenndu og vitnuðu um Jesú Krist (sjá Helaman 8:16–20). Þið getið líka byrjað að byggja upp vitnisburð ykkar um hann! Vitnisburður er eitthvað sem þið trúið eða vitið að er satt um himneskan föður og Jesú Krist Skrifðið niður vitnisburðinn ykkar og æfið ykkur í að deila honum með fjölskyldu eða vinum.

Fyrir yngri börn: Spyrjið litlu börnin ykkar hvað þau elska við Jesú Krist. Miðlið svo vitnisburði ykkar um frelsarann með þeim.



9.–15. september

Samúel klífur múrinn

FYRIR HELAMAN 13–16

Samúel var spámaður sem kenndi um Jesú Krist ofan af borgarmúr (sjá Helaman 13:4). Farið á blaðsíðu 12 og notið úrklippuverkefnið til að hjálpa ykkur að segja sögu Samúels.

Fyrir yngri börn:

Haldið við litlu börnin ykkar á meðan þau standa á stól og miðla því sem þau vita um Jesú Krist, líkt og Samúel gerði.



16.–22. september

Samsöfnunarleikur

FYRIR 3. NEFÍ 1–7

Jesús Kristur lofaði að hann myndi safna saman öllum börnum sínum því hann elskar alla og vill að þau hafi fagnaðarerindið (sjá 3. Nefí 5:24). Leikur um samsöfnun Látið þátttakendur standa í hring. Ein manneskja stendur í miðjunni og segir frá staðreynd um sig sjálfa eins og uppáhalds litinn sinn. Ef sú staðreynd á við einhverja fleiri þá koma þeir líka inn í miðjuna. Haldið áfram þar til allir hafa safnast saman í miðjuna.

Fyrir yngri börn: Farið í feluleik með litlu börnunum ykkar. Faðmið þau að ykkur þegar þið finnið þau. Talið um hvernig Jesús Kristur lofar að safna okkur saman alveg sama hvar við erum.



23.–29. september

Jesús er ljósið

FYRIR 3. NEFÍ 8–11

Jesús Kristur er „ljós og líf heimsins“ (3. Nefí 9:18). Horfið á sólarupprás eða sólsetur með fjölskyldu ykkar. Teiknið svo mynd af því sem þið sáuð. Á meðan þið teiknið, talið um ástæður þess að þið elskið Jesú Krist og hvernig hann færir ykkur ljós.

Fyrir yngri börn: Farið út og horfið á mismunandi ljós, eins og sólina, stjörnurnar eða tunglið. Spyrjið litlu börnin ykkar hvernig ljósið lætur þeim líða. Talið um hvernig Jesús Kristur sé ljósið okkar.